

Sp. 76. Tillaga til þingsályktunar

um fæðingardeildina í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fæðingardeildin taki til starfa undir yfirstjórn forstöðumanns handlæknisdeildar Landsspítalans.

Greinargerð.

Um nokkurra mánaða skeið hefur hin mikla fæðingardeild, sem getur tekið móti 54 sængurkonum, staðið fullgerð á lóð landsspítalans, en ekki verið notuð. Virðist ekki vanta annað en rúmstæði og sængurklæðnað til þess, að þessi stofnun verði opnuð til afnota fyrir almenning í bænum. Mun skoðanamunur um, hvort deildin eigi að vera sjálfstætt fyrirtæki eða lúta yfirumsjón prófessors í handlækningum við landsspítalann, hafa tafið fyrir notkun hússins. Er þetta með öllu óviðunandi, þar sem heimili í Reykjavík og nágrenni eru jafnmannfá og annars staðar á landinu og almenn ósk sængurkvenna að geta dvalið á fæðingarheimili fyrir og eftir barnsburð. Viða um land er mikill áhugi að koma upp fæðingarheimilum og mun þessi dráttur að óþörfu spilla fyrir góðu máli, ef þau tíðindi spyrjast um landið, að höfuðstaðarþúum lánist ekki að útvega sér rúmstæði og sængurföt í þessa stofnun, eftir að húsið er fullgert.